

Vinnustaðanám sjúkraliðanema FB

Ágætu sjúkraliðanemar

Hér eru mikilvægar upplýsingar sem allir nemendur verða að lesa og fara eftir

1. Nemendur sem fara á LSH. Lesið vel yfir gátlista og **heilsuverndarblað LSH** og farið eftir þeim fyrirmælum sem þar koma fram.
2. Allir nemendur skrifa undir þagnarskyldu og reglur er varða persónuvernd
3. Nemendur verða að hafa fengið auðkenniskort LSH áður en vinnustaðanám hefst
4. Hafa skal samband við deildarstjóra deildar í vikunni áður en vinnustaðanám hefst og kanna hvort þið eigið að koma fyrir og skipuleggja vaktir
5. Vinnustaðanámið stendur yfir í 3 vikur, 12 vaktir. Hver vakt er 8 klukkustundir
6. Nemendur vinna undir handleiðslu sjúkraliða sem eru ykkar leiðbeinendur. Nemendur gætu þurft að aðlaga sig vöktum sinna leiðbeinenda, er það samkomulagsatriði
7. Nemendum er frjálst, í samráði við leiðbeinanda sinn, að taka einhverjar kvöldvaktir og helgarvaktir en ekki næturvaktir. Dagvaktir þurfa að vera um 2/3 hluti vinnustaðanáms
8. Nemendum er óheimilt að vinna tvær samfelldar vaktir í vinnustaðanámi, það er vinna dagvakt og síðan kvöldvakt í beinu framhaldi. Óheimilt er að koma á vakt í vinnustaðanám eftir að hafa unnið vakt í sinni launuðu vinnu
9. Ef nemandi eru veikur þá verður að láta leiðbeinanda eða deildarstjóra vita, einnig þarf að senda hjúkrunarkennara póst. Veikindi verður að vinna upp síðar í samráði við leiðbeinanda
10. Ef próf eða verkefnavinna er í skólanum sem nemendur verða að mæta í, þá ræðið þið það tímanlega við ykkar leiðbeinanda og fáið að breyta vöktum
11. Nemendur koma með skófatnað
12. Munið snyrtimennsku, engir skartgripir, ekki naglalakk, né gervineglur
13. Notkun farsíma meðan á vinnu stendur **er ekki leyfð**
14. Leggið ykkur fram um að eiga gott samstarf og góð samskipti við samstarfsfólk ykkar. Verið jákvæð, áhugasöm, munið að spyrja, með því sýnið þið frumkvæði og ábyrgð

Njótið vinnustaðanámsins kæru nemendur. Vinnustaðanámið er mjög skemmtilegur tími í sjúkraliðanáminu, nýtið vel námstækifæri sem ykkur bjóðast. Hjúkrunarkennarar munu heimsækja ykkur á meðan á náminu stendur.

Gangi ykkur reglulega vel
Kennarar sjúkraliðabrautar FB